

# Viking Huts

Greinargerð



# Greinargerð

Móttakandi: Gunnar Kr. Ottósson Skipulagsfulltrúi  
Dagsetning: 11 Júní 2019  
Efni: Uppsetning smáhýsa á landi við Víkingaheima

Í þessari greinargerð mun ég gera grein fyrir hugmynd minni um uppsetningu smáhýsa á landi innan mana í námunda við Víkingaheima í Reykjanesbæ.

Hugmynd þessi fæddist eftir nokkrar heimsóknir í Víkingaheima ([www.vikingworld.is](http://www.vikingworld.is)) og eftir að hafa skoðað svæðið þar í kring með tilliti til möguleika á frekari ferðapjónustu á svæðinu. Í grunninn snýr viðskiptahugmyndin að því að setja upp smáhýsi til útleigu fyrir ferðamenn á svæðinu eða eru að koma í gegnum svæðið á ferð þeirra til og frá Íslandi. Smáhýsin sem urðu fyrir valinu koma frá fyrirtækinu Landshus ([www.landshus.is](http://www.landshus.is)). Smáhýsin eru einstaklega smekklegr og íslensk í útliti. Fyrirmynd þeirra er mörg af hinum fallegu húsum sem finna má í bæjum og þorpum víða um land (Akureyri, Siglufjörður, Stykkishólmur o.fl.) Smáhýsin eru hönnuð alfarið hér á landi og uppfylla íslenska byggingarreglugerð. Það landsvæði sem varð fyrir vali er í nágrenni við Víkingaheima í Reykjanesbæ. Þetta landsvæði teljum við henta einstaklega vel þar sem hýsin standa á afmörkuðu og skjólgóðu svæði. Svæðið afmarkast af grasi settum mönum og gefur að vissu leiti einangraða tilfinningu þrátt fyrir að vera staðsett mitt í 20 þúsund manna samfélagi. Útlit smáhýsanna samrýmist þeim byggingum og umhverfi sem fyrir er á svæðinu. Mikið fuglalíf er á og við svæðið. Staðsettur er íslenskur húsdýragarður á svæðinu ásamt litlu tjaldsvæði. Grunnhugmyndin er að hafa 9 smáhýsi á svæðinu ásamt þjónustuhúsi sem nýtist jafnt þeim sem dvelja í hýsunum sem og á tjaldsvæðinu. Undirritaður telur að uppsetning þessara íslensku smáhýsa efla ferðapjónustu í og við Víkingaheima ásamt því að fegra ásynð Reykjanesbæjar.

Megin markmið stofnenda og eigenda er sú að smáhýsin og umhverfi þeirra verði sem snyrtilegast í alla staði og að umhverfi þeirra verði Reykjanesbæ til sóma. Innréttingar smáhýsanna verða úr umhverfisvænum, útlitsgóðum og viðhaldsfríum krossviðarplötum. Baðherbergi verður lokað með rennihurð til að nýta pláss í frekar litlu rými. Sturta og salernisaðstaða verður staðsett í baðherbergi fyrir gesti. Lagt er upp með að upplifun gesta verði sem best í svefnrými. Rúm verða að lágmarki 160cm að breidd og sængur og koddar léttir og hlýir. Upphitun innra rýmis verður með gólfhita og stýrist af stjórnborði við inngang rýmis. Lýsing verður þægileg fyrir gesti með áherslu á óbeina lýsingu. Lítilldhúskrókur verður til staðar fyrir gesti þar sem hægt verður að stunda einfalda matargerð. Að utan verður umhverfið hið snyrtilegasta. Blanda verður af grasi og malbikuðum stígum til og frá, milli húsa og að þjónustuhýsi. Markmið eigenda er að hafa „gamaldags“ ljósastaura sem gefa frá sér þægilega lýsingu án þess að gestir verði fyrir ljósmengun inni hýsin. Internet aðgangur verður á svæðinu. Þjónustuhús verður staðsett miðsvæðis á svæðinu og er hugsað sem tenging við tjaldsvæðið og auka þjónustu við það. Í þjónustuhúsi verður aðstaða til þvottar og þurrkunar fyrir gesti smáhýsana og tjaldsvæðisins. Einnig verður eldunaraðstaða í þjónustuhúsi ásamt litlum borðsal. Skrifstofa og vinnuaðstaða umsjónamanns er fyrirhuguð í þjónustuhúsi.

Óskar undirritaður eftir að Skipulags og Umhverfisráð Reykjanesbæjar taki málið til skoðunar með tilliti til breytingar á aðalskipulagi bæjarins.

Virðingarfyllst:  
Friðrik Ólafsson

